

Skýrsla stjórnar

Samtök orkusveitarfélaga 2012-2014

Stjórn

Á aðalfundi samtakanna 28. september 2012 voru eftirtalin kjörin í stjórn:

Aðalstjórn:

Stefán Bogi Sveinsson, formaður, Fljótsdalshérað

Eydís Þ. Indriðadóttir, varaformaður, Ásahreppur

Bryndís Gunnlaugsdóttir, ritari, Grindavíkurbær

Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbær

Sveinn Steinarsson, Sveitarfélagið Ölfus

Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit

Jens Pétur Jensen, Húnavatnshreppi

Varastjórn:

Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstaður

Árni Sigfússon, Reykjanesbær

Dagbjört Bjarnadóttir, Skútustaðahreppur

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Fundir stjórnar

Alls hafa á tímabilinu verið haldnir 11 stjórnarfundir, 2 á árinu 2012, 7 á árinu 2013 og 2 á árinu 2014. Sveitarstjórnarkosningar settu nokkuð mark sitt á starf stjórnar í vor sem útskýrir færri fundi á árinu. Vorfundur stjórnar 2013 var haldinn í Þingeyjarsveit þar sem meðal annars var farið að þeistareykjum og Laxárvirkjun skoðuð. Halldór Halldórsson og Karl Björnsson frá Sambandi sveitarfélaga komu á stjórnarfund 11. janúar 2013 til að ræða samstarf SO og Sambandsins. Haustið 2014 voru skipulagðir 4 kynningarfundir þar sem formaður SO fór til fundar við sveitarstjórnarfólk til að kynna samtökin. Auk þessa hefur stjórn, ýmist í heild eða hluti hennar, átt fundi með ráðamönnum og hagsmunaaðilum sem hér segir:

24. maí 2013 Fundur með forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar

10. júlí 2013 Fundur með iðnaðar- og viðskiptaráðherra

26. ágúst 2013 Fundur með aðstoðarforstjóra Landsnets

4. febrúar 2014 Fundur með fjármála- og efnahagsráðherra

Málþing og fræðslufundir

Stjórn SO hefur staðið fyrir þremur stærri málþingum á tímabilinu:

16. nóvember 2012 - Sanngjörn skipting arðs af orkuauðlindum - Svartsengi

14. mars 2013 - Fiskur, olía, orka (í samstarfi við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga) - Grand hótél

4. október 2013 - Orkufundur 2013 - Hilton Nordica

Erindi frá þessum fundum eru aðgengileg á heimasíðu samtakanna, www.orkusveitarfelog.is.

Skýrslur og efnisöflun

Samkvæmt ákvörðun stjórnar var endurskoðunarskrifstofan Deloitte fengin til að taka saman skýrslu með samanburði á tekjum sveitarfélaga af orkuauðlindum á Íslandi annars vegar og í Noregi hins vegar. Skýrslan hefur verið send öllum aðildarsveitarfélögum og var kynnt á Orkufundi 2013. Glærur frá þeirri kynningu má finna á heimasíðu samtakanna.

Erlent samstarf

Mikið og gott samstarf hefur verið frá upphafi við LVK, (stóru)systursamtök SO í Noregi. Fulltrúar LVK fluttu erindi á málþingi SO í Svartsengi í nóvember 2012, framkvæmdaráð samtakanna fundaði hér á landi í júní 2013 og sótti formaður SO þann fund sem gestur. Formaður og ritari SO sóttu einnig ársfund LVK sem haldinn var í Bergen 21.-23. ágúst 2013. Auk samskipta við Noreg hefur SO einnig átt í samskiptum við fulltrúa sænskra orkusveitarfélaga. Fulltrúi þeirra flutti erindi á málþinginu í Svartsengi og fulltrúar þessara tveggja samtaka hittust einnig á ársfundi LVK í Bergen.

Stefnumörkun stjórnar

Á fyrri hluta ársins 2013 vann stjórn stefnumörkun fyrir starfið. Byggði hún í grunninn á tilgangi samtakanna eins og hann er settur fram í samþykktum. Stjórn útfærði þau síðar í markmið, leiðir að þeim og fyrstu skref. Drög að stefnumörkuninni voru send öllum aðildarsveitarfélögum til umsagnar og var stefnumörkunin síðan endanlega samþykkt á stjórnarfundi 9. desember. Stefnumörkunin er mikilvægt plagg og góður leiðarvísir fyrir starf stjórnar. Telja má eðlilegt að nýkjörin stjórn í hvert sinn taki stefnumörkunina upp og uppfæri að minnsta kosti fyrstu skref, eftir því sem málum vindur fram.

Samstarf við Samband sveitarfélaga

Frá upphafi hefur verið gott samstarf milli SO og Sambandsins. Samtökin eru hýst á skrifstofu Sambandsins sem leggur þeim til starfsmann, símsvörun, bókhalds- og tækniþjónustu gegn fastri árlegri greiðslu. Fyrir liggur að endurskoða verður fjárhæð samningsins til hækkunar. Valur Rafn Halldórsson er starfsmaður SO hjá Sambandinu. Stjórn SO samþykkti á stjórnarfundi 28. ágúst

2013 að senda erindi til stjórnar Sambandsins um liðsinni við að fá fram endurskoðun á undanþáguákvæðum laga um skráningu og mat fasteigna hvað varðar raforkumannvirki. Taldi stjórn SO þetta í fullu samræmi við áherslur Sambandsins í málaflokknum. Sambandið sendi í framhaldinu erindi til ráðherra, sem fól Þjóðskrá að taka saman yfirlit yfir slíkar undanþágur, og einnig aðrar undanþágur, í lögunum. Skipaður hefur verið vinnuhópur um málið og er Gunnlaugur Júlíusson fulltrúi Sambandsins í hópnum. Stjórn SO mun verða upplýst um gang verkefnisins.

Komandi verkefni

Margt spennandi er framundan á verksviði samtakanna. Áfram þarf að kynna málstað sveitarfélaganna fyrir ráðamönnum og þrýsta þarf á um afnám undanþága raforkumannvirkja frá fasteignasköttum. Ný tækni og nýjungar hér á landi, einkum og sér í lagi í tengslum við vindorkunýtingu, skapa bæði tækifæri og einnig mikla þörf fyrir að samtökin tali máli sveitarfélaganna á opinberum vettvangi og gagnvart stjórnvöldum. Einnig getur verið spennandi að skoða hvernig sjávarfallavirkjanir falla að starfi samtakanna.

Að lokum

Undirrituðum hefur frá upphafi þótt mikilvægt að tryggja að aðildarsveitarfélög SO skipti reglulega með sér forystu samtakanna. Því tel ég rétt að formaður sitji aðeins eitt kjörtímabil hverju sinni og gef ekki kost á mér til áframhaldandi formennsku í samtökunum. Ég vil þakka stjórn og starfsmanni SO kærlega fyrir gott samstarf undanfarið tvö ár.

Fyrir hönd stjórnar SO
Stefán Bogi Sveinsson
Formaður